

GJALDSKRÁ

fyrir vatnsveitu Hrunamannahrepps.

1. gr.

Vatnsgjald.

Vatnsgjald er 0,21% af fasteignamati íbúðarhúsa og lóða, þó að hámarki 58.200 kr. og að lágmarki 39.300 kr.

Vatnsgjald atvinnuhúsnæðis skal vera 0,15% af fasteignamati þó að lágmarki 65.000 kr.

Vatnsgjald sumarhúsa skal vera 39.300 kr.

Gjald fyrir byggingavatn skal vera 155 kr. á dag.

2. gr.

Heimæðargjald.

Lágmarksheimæðargjald vatnsveitu í þéttbýlinu við Flúðir er kr. 231.172 m.v. 25 mm þvermál rörs og allt að 25 m lengd heimæðar. Gjöldin miðast við að ídráttarrör fyrir heimlagnir hafi verið lagt á frostfrítt dýpi frá tengistað við lóðamörk að inntaksstað mannvirkis og að lega og frágangur ídráttarrörsins hafi verið tekin út af starfsmönnum veitunnar. Miða skal við að lengd heimæðar fari ekki yfir 25 m. Fyrir lengd umfram 25 m greiðist viðbótargjald.

Heimæðargjaldið hækkar í samræmi við aukinn sverleika og/eða lengd heimæðar sem hér segir:

<i>Þvermál rörs</i>	<i>Verð kr.</i>	<i>Verð kr. á metra umfram 25 m</i>
25 mm	231.172	3.893
32 mm	312.400	4.029
40 mm	406.104	5.727
50 mm	548.256	6.346
63 mm	767.531	7.058
70 mm	1.112.920	7.896

Byggingavatn:

<i>Byggingavatnaskrani til og með 50 mm</i>	<i>Verð kr.</i>
Uppsettur byggingavatnaskrani, heildarvinna	85.509
Aftenging byggingavatnskрана, yfirborð frágengið	74.250

Verðið gildir þegar tengt er við heimæðarenda sem kominn er inn fyrir lóðamörk. Veitan leggur til búnað við tengingu byggingavatns. Greitt er daggjald fram að aftengingu. Byggingavatnaskrani er aftengdur um leið og heimtaug er tengd inn í hús og þá er ekki greitt sérstaklega fyrir aftengingu. Við aðrar aðstæður og stærri tengingu en 50 mm er tenging gjaldfærð í samræmi við raunkostnað.

3. gr.

Notkunargjald.

Í fyrirtækjum og annars staðar þar sem vatn er notað til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, skal auk vatnsgjalds greiða sérstakt notkunargjald. Notkunargjald skal notandi að jafnaði greiða samkvæmt notkun vatns mældri í rúmmetrum. Notkunargjald er 31 kr./m³.

Fyrir rennismæla skal greidd árleg mælaleiga eftir stærð mælis:

15 mm	10.564 kr.
20 mm	10.757 kr.
25 mm	13.874 kr.
32 mm	15.056 kr.
50 mm	22.835 kr.
80 mm	59.764 kr.

4. gr.

Stofngjald.

Stofngjöld utan þéttbýlis skal reikna sérstaklega og miðað við að þau standi undir þeim kostnaði sem af verki hlýst. Landeigandi greiðir þann kostnað sem hlýst af tengingu kalds vatns inn á svæðið eða að býli.

Að auki skal landeigandi greiða 29.746 kr. á skipulagða lóð, lögbýli skal greiða 142.832 kr.

Við upphaf verksins skal greiða 65% af kostnaðaráætlun þess og 35% þegar lagningu er lokið.

5. gr.

Gjalddagi.

Gjalddagar vatnsgjalds eru þeir sömu og ákveðnir eru fyrir fasteignagjöld og skal innheimtu hagað á sama hátt og innheimtu fasteignagjalda.

6. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Gjaldskrá þessi og reglur voru samþykktar af veitustjórn Hrunamannahrepps 1. nóvember 2021 og sveitarstjórn Hrunamannahrepps 4. nóvember 2021 í samræmi við heimild í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga, 11. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 og III. kafla vatnalaga nr. 15/1923. Gjaldskrá þessi tekur gildi við birtingu og fellur þá úr gildi gjaldskrá vatnsveitu í Hrunamannahreppi nr. 1415/2020.

Hrunamannahreppi, 3. desember 2021.

Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri.